



MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI
HAUSTÖNN 2012
ENS613 – 4.FGHI

Kennarar: Ghasoub Abed (ghasoub@ma.is)
Hildur Hauksdóttir (hildur@ma.is)

Áfangalýsing

Í ensku 613 er megináhersla lögð á að gera nemendum kleift að fylgjast með viðburðum á alþjóðavettvangi með hjálp fréttafnis á ensku. Tekist verður á við krefjandi les- og myndefni líðandi stundar og rækt lögð við meðferð og málnotkun enskrar tungu jafnt munnlega sem skriflega. Efling orðaforða fer að mestu fram með lestri greina um málefni líðandi stundar sem nemendur velja til lestrar. Lestextum, hlustunarefni, kvikmyndum og verkefnum nemenda er ætlað að endurspeglar og varpa ljósi á menningu og mannlíf ólíkra málsvæða enskrar tungu.

Námsmarkmið

Stefnt er að því að auka sjálfstæði í vinnubrögðum enn frekar og er megináhersla lögð á að verða læs á flóknari orðaforða og setningagerð sem fylgir greinum um ýmis tækni- og vísindaleg efni svo og greinum almenns eðlis. Nemandi kynnist fjölbreyttu efni á ensku og styrkist í áhuga á sjálfstæðum lestri. Mikið er lagt upp úr að þjálfar nemendur í tjáningu og margvíslegri framsögn og í að finna aðalatriðin í flóði upplýsinga. Síðast en ekki síst er áfanganum ætlað að veita innsýn inn í lífsbaráttu og menningarheim ólíkra þjóða. Er áfanginn því beinn undirbúningur fyrir þá gnótt texta sem nemendur verða að kljást við á ensku í háskólanámi.

Námsefni

- ⤴ *A Thousand Splendid Suns*, Khaleid Hosseini.
- ⤴ Greinasafn, moodle.
- ⤴ Kvikmyndir, podcast og tónlist.
- ⤴ Ljósritað efni frá kennara, veraldarvefurinn og annað margmiðlunarefni.

Kennsluhættir

Greinar af netinu / úr tímaritum

Bekknur er skipt í hópa (3-4 nemendur í hverri hóp) og hver hópur velur til skiptis grein sem allir bekkirnir eiga að lesa og verður valin að meðaltali ein grein á viku til vandlegrar yfirferðar. Nemendur undirbúa sig síðan heima og verður gengið úr skugga um skilning í tímum en þeir verða ekki notaðir til þýðingar frá orði til orðs (það er heimavinnan). Þessar greinar verða fremur notaðar til umræðu og framhaldsvinnu með megináherslu á orðaforðann. *Þessar greinar eru til lokaprófs.*

Þá velja nemendur hver fyrir sig aðrar 10 greinar úr greinasafni og vinna að eigin rammleik. Þeir munu síðan standa skil á þeim efnislega á munnlegu prófi í nóvember. Á munnlega prófinu leggur nemandi fram lista yfir tíu greinar sem hann velur úr greinasafni (greinar verða á moodle) og dregur út eina þeirra sem hann fjallar ítarlega um. Jafnframt dregur nemandi eina óundirbúna spurningu um heima og geima og svarar eftir bestu getu.

A Thousand Splendid Suns

Ýmis verkefni verða unnin í tengslum við bókina. Hún verður lesin efnislega með áherslu á umræður og skoðanaskipti um efni hennar. Bókin hentar vel fyrir nemendur félagsfræðibrautar þar sem efni hennar tengist á margan hátt námi þeirra í sálfræði og samfélagsfræðum. Auk þess verður bókin lögð inn til bókmenntalegrar túlkunar. Í lokin þurfa nemendur að þreyta ritunarpróf úr skáldsögunni með vísan í persónur, þemu og atburði.

Moodle

Kennsluumhverfið Moodle verður notað áfanganum til stuðnings. Þar munu nemendur finna orðalista, verkefnalýsingar, tímatöflur, greinasafn og fleira sem mun nýtast þeim við halda utan um nám sitt. Einnig er dagbók skilað þar í sérstakt skilahölf.

Myndbandaverkefni og umræður

Nemendur raða sér saman í hópa, tveir til fjórir í hverjum hóp. Að höfðu samráði við kennara velur hver hópur efni sem hann þarf að kynna sér til hlítar og fyrir bekkjarfélögum sínum í formi 10 mínútna myndbands. Hópurinn sýnir myndbandið í kennslustund auk þess að færa rök fyrir efnistöðum og nálgun í myndbandinu. Hópurinn undirbýr einnig spurningar fyrirfram sem ætlað er að vekja umræður um fyrrnefnt efni. Hver hópur fær eina kennslustund til umráða.

Netið / Sjónvarp

Litið verður eftir föngum á fréttæfni og viðtöl af netinu eða úr erlendum sjónvarpsstöðvum. Slíkt efni er mikilvægur hluti af daglegu lífi enskumælandi þjóða. Það endurspeglar málfar, verðmætamat og menningu líðandi stundar og því ákjósanlegt sem kennsluefni. Ýmis verkefni verða unnin í tengslum við þennan lið.

Kvikmyndir

Að minnsta kosti ein kvikmynd verður hluti af námsefninu en ekki er loku fyrir það skotið að fleiri kvikmyndir verði nýttar áfanganum til stuðnings.

Dagbækur nemenda

Nemendur skila dagbók (journal) í 10 skipti á Moodle. Í dagbókina skráir nemandinn viðbrögð sín og hugleiðingar um enskutíma vikunnar, grein vikunnar eða annað efni sem kennari gefur fyrirhæli um. Dagbókin er metin eftir frumleika og málefnalegri nálgun – hver færsla á að vera 150 orð hið minnsta.

Verkefni og skiladagar

Ritunarpróf úr *A Thousand Splendid Suns* verður í 8. viku og greinahefti í 12. viku. Kennarar munu skipa myndbandahópum niður á kennslustundir. Listi með tímasetningum ofl. verður settur á Moodle þegar þar að kemur.

Námsmat:

Munnlegt próf (greinahefti)	15%
Dagbók og ýmis verkefni	15%
<i>A Thousand Splendid Suns</i>	20%
Myndband og umræðutímar	20%
Lokapróf	30%

Varðandi veikindi, skróp, óstundvísi og almennan misskilning vísast í reglur enskudeildarinnar þar að lútandi sem finna má á Moodle.

Gangi ykkur vel,

Ghasoub og Hildur